

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016, Klyppstaður í Loðmundarfirði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 19. júní 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016 frá 16. september 2005.

Breytingin felst í því að allt að 1 ha landbúnaðarsvæði að Klyppstað í Loðmundarfirði breytist í verslunar- og þjónustusvæði (BV4). Á svæðinu verður ferðaþjónusta á vegum Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og gert er ráð fyrir svefnskála, skálavarðahúsi og hreinlætishúsi. Svæðið er hverfisverndað og á náttúruminjaskrá auk þess að vera skilgreint sem athyglisvert búsetulandslag.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 19. júní 2009.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 23. júní 2009